



**Leiðbeinandi tilmæli  
nr. 3/2008**

**Leiðbeinandi tilmæli um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi.

**24. september 2008**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Skilgreining og markmið .....	3
3. Stjórnun endurskoðunardeildar. ....	3
4. Staða í skipuriti og óhæði .....	3
5. Heimildir. ....	4
6. Hæfni og fagmennska.....	4
7. Gæðaeftirlit .....	4
8. Verkefni innri endurskoðunar. ....	5
9. Skýrslugerð. ....	5
10. Samskipti innri endurskoðanda og ytri endurskoðanda. ....	6
11. Samskipti innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar .....	6
12. Samskipti Fjármálaeftirlitsins við innri endurskoðanda. ....	6
13. Staðlar. ....	6

## 1. Inngangur.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skulu fjármálafyrirtæki önnur en rafeyrisfyrirtæki og verðbréfamíðlanir starfrækja endurskoðunardeild sem annast skal innri endurskoðun.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins (hér eftir innri endurskoðandi) sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Samkvæmt sama lagaákvæði getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá. Í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2003 setti Fjármálaeftirlitið fram viðmið sem höfð eru til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki og hvaða skilyrði verða sett fyrir slíkri undanþágu.

Við gerð tilmællanna var horft til staðla sem alþjóðasamtök innri endurskoðenda (IIA) hafa sett fram ( <http://www.theiia.org/> ) og leiðbeinandi tilmæla Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit frá ágúst 2001 ( <http://www.bis.org/publ/bcbs84.htm> )

## 2. Skilgreining og markmið

Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað bæta rekstur fyrirtækja.

Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttá með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki í því að ná markmiðum sínum.

## 3. Stjórnun endurskoðunardeildar.

Innri endurskoðandi skal hafa erindisbréf frá stjórn fyrirtækisins, þar sem mælt er fyrir um tilgang, valdsvið og ábyrgð deildarinnar. Í erindisbréfinu skal jafnframt gera grein fyrir stöðu deildarinnar í skipuriti, heimilda til óhefts aðgangs að gögnum, starfsfólki og annars sem máli skiptir við framkvæmd úttekta.

Forstöðumaður skal leggja árlega fyrir stjórn áætlun þar sem fram kemur hvernig deildin mun leysa þau verkefni sem henni eru falin. Slík endurskoðunaráætlun skal vera áhættumiðuð.

## 4. Staða í skipuriti og óhæði

Innri endurskoðun er eining sem samanstendur af sjálfstæðum og óháðum sérfræðingahópi innan fjármálafyrirtækis, sem samkvæmt skipuriti heyrir beint undir stjórn fjármálafyrirtækis.

Þó innri endurskoðun sé hluti af fjármálafyrirtækinu skal reynt að tryggja að starfsmenn hennar séu hlutlausir í reynd og starfi óháð þeim rekstrareiningum sem þeir endurskoða. Tryggja má slíkt með stjórnskipulegri stöðu innri endurskoðunar og með því að innri endurskoðandi tileinki sér hlutlæg vinnubrögð.

Rík áhersla skal lögð á sjálfstæði endurskoðunardeildar. Endurskoðunardeild skal ekki bera ábyrgð á innra eftirliti í starfseminni eða bera ábyrgð á innleiðingu þess. Deildinni er hins vegar heimilt að vera ráðgefandi gagnvart yfirstjórn varðandi ákvarðanir um nýjar aðferðir við innra eftirlit í starfseminni.

Staða innri endurskoðunar í skipuriti getur haft áhrif á hlutleysi þeirra, sem við hana starfa. Því skal innri endurskoðandi gefa skýrslur beint til æðstu stjórnenda og starfsmenn deildarinnar eiga ekki að gegna öðrum störfum innan fjármálafyrirtækis, nema tryggt sé að þau störf skerði ekki óhæði þeirra.

Virgni innra eftirlits og áhættustýringar er á ábyrgð stjórnar og stjórnenda viðkomandi fjármálafyrirtækis.

## 5. Heimildir.

Til að ná fram markmiði innri endurskoðunar þarf innri endurskoðandi að hafa:

- ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækisins svo sem eignum, starfsfólki, skýrslum, skrám og öðrum gögnum sem innri endurskoðandi telur nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar, þ.m.t. upplýsingum hjá stjórnendum og fundargerðum stjórnar og nefnda.
- heimild til að krefjast þess að allir starfsmenn og stjórnarmenn veiti þær upplýsingar og útskýringar, sem á þarf að halda, innan sanngjarns tíma.
- óheft samskipti við þá, sem sinna ytri endurskoðun hjá viðkomandi fyrirtæki.

Stjórnendur skulu veita innri endurskoðun án tafar upplýsingar um öll mikilvæg atvik varðandi öryggisbrest og/eða brot á ákvæðum laga og reglna.

Stjórnendur skulu einnig tryggja að endurskoðunardeild sé haldið upplýstri um þróun, nýjungar, vörur og breytingar í rekstri.

Allar starfseiningar og dótturfélög viðkomandi fjármálafyrirtækis ættu eftir því sem unnt er að falla undir starfssvið endurskoðunardeildar. Hið sama á við um útivistuð verkefni fjármálafyrirtækis. Stjórn ber að rökstyðja það sérstaklega að hafa annan hátt á.

## 6. Hæfni og fagmennska.

Í störfum sínum ber innri endurskoðanda að sýna fagmennsku og kunnáttu. Jafnframt skal tryggja að starfsmenn innri endurskoðunar búi yfir þeirri faglegri þekkingu sem þarf til að framkvæma endurskoðun hverju sinni.

Við mat á því hvaða þekkingu starfsmenn, sem veljast til starfa við innri endurskoðun þurfa að búa yfir, skal tekið mið af þeim markmiðum sem ætlað er að ná með innri endurskoðun.

## 7. Gæðaeftirlit

Innri endurskoðandi skal vera ábyrgur fyrir að þróa og viðhalda virku gæðaeftirliti, sem tekur til allra þátta starfsemi innri endurskoðunar. Mikilvægt er að innri endurskoðandi upplýsi stjórn reglulega um gæðaeftirlit með starfsemi deildarinnar.

## 8. Verkefni innri endurskoðunar.

Verkefni innri endurskoðunar ætti að fela í sér greiningu og mat á því hvort eftirlitsferlar/kerfi eru til staðar, séu viðeigandi og skilvirk. Niðurstaða framangreinds ætti að vera áhættumat sem sýnir styrkleika og veikleika í eftirlitsferlum/kerfum fjármálafyrirtækis.

Innri endurskoðun skal framkvæma reglulega kannanir á eftirfarandi þáttum í innra eftirliti fyrirtækisins:

1. Hvort fyrirtæki hafi sett sér markmið varðandi helstu áhættuþætti, svo sem útlánaáhættu, markaðsáhættu og lausafjárahættu, og hvernig þeim markmiðum er fylgt eftir.
2. Hvort fyrir liggja á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna og stjórnenda komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.
3. Hvort í starfsreglum og skipulagi fyrirtækisins sé það innra eftirlit sem komið verður á með góðu móti. Kanna hvort í starfsreglum sé nægilega skilið á milli þeirra starfsmanna sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa við bókhald. Einnig þeirra sem sjá um færslu bókhalds og þeirra sem bera ábyrgð á afstemmingu á sömu bókhaldsreikningum.
4. Hvort á hverjum tíma séu til staðar eftirlitsaðgerðir og starfsreglur vegna þeirrar áhættu sem skapast vegna smæðar fyrirtækisins og skorts á nægilegum aðskilnaði starfa.
5. Hvernig staðið er að varðveislu og meðferð fjármuna fyrirtækisins, skráningu skuldbindinga og eftirliti með bókhaldi.
6. Að framkvæma með úrtakskönnunum framkvæmd á fjárvörslusamningum, þ.e. að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu samninga og að eignir séu til staðar.
7. Að framkvæma með úrtakskönnunum áreiðanleika og gæði þeirra skýrslna sem stjórnendur fyrirtækisins og opinber yfirvöld byggja á.
8. Að kanna tölvukerfi fyrirtækisins, meðal annars með tilliti til notkunareftirlits og rekstraröryggis.
9. Að framkvæma sérstakar úttektir á dreifingu útlána og vanskila, stöðu stærstu skuldara og stærstu vanskilaaðila og trygginga vegna sömu skuldbindinga.
10. Að framkvæma sérstakar úttektir á kerfum fjármálafyrirtækis til að leggja mat á eigið fé í tengslum við mat á áhættu („review of the bank's system of assessing its capital in relation to its estimate of risk“)
11. Mat á fjárhagsstöðu og hagkvæmni starfseminnar („the appraisal of the economy and efficiency of the operations“)
12. Að kanna með úrtaki einstök viðskipti og virkni innri eftirlitsferla („the testing of both transactions and the functioning of specific internal control procedures“)
13. Að framkvæma úttekt á þeim kerfum sem komið hefur verið á til að tryggja fylgni við kröfur laga og reglugerða og innleiðingu starfsreglna og ferla („the review of the systems established to ensure compliance with legal and regulatory requirements, codes of conduct and the implementation of policies and procedures“)
14. Úttekt á aðgerðum fyrirtækisins til að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með úrtakskönnunum.
15. Könnun á eftirfylgni vegna fyrri athugasemda innri endurskoðanda.
16. Aðrar kannanir sem taldar eru nauðsynlegar til að ná fram markmiðum innri endurskoðunar.

## 9. Skýrslugerð.

Rík áhersla er lögð á að formlegri aðgerð eða verkefni á sviði innri endurskoðunar ljúki með skýrslu, þar sem gerð er grein fyrir forsendum aðgerðarinnar og greint frá niðurstöðum á viðeigandi hátt. Nauðsynlegt er að stjórnendur séu reglulega upplýstir um framgang innri endurskoðunar. Skýrslan þarf að vera skýr og auðskiljanleg og fela í sér upplýsingar, sem styðja má öruggum og viðeigandi gögnum.

## 10. Samskipti innri endurskoðanda og ytri endurskoðanda.

Tilvist innri endurskoðunardeildar getur haft áhrif á umfang og eðli endurskoðunaraðgerða vegna endurskoðunar hjá ytri endurskoðanda á ársreikningi viðkomandi fjármálafyrirtækis, en hefur ekki áhrif á ábyrgð þeirra.

Ytri endurskoðendur skulu hafa aðgang að skýrslum innri endurskoðanda og skal innri endurskoðandi upplýsa um atriði sem skipt gætu máli við endurskoðun vegna áritunar ársreiknings.

## 11. Samskipti innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innri endurskoðunar fjármálafyrirtækis, sbr. 1. tl. b. liðar 2. gr. laga nr. 80/2008.

Endurskoðunarnefnd skal hafa aðgang að skýrslum innri endurskoðanda og skal hann upplýsa um atriði sem skipt geta máli fyrir nefndina.

## 12. Samskipti Fjármálaeftirlitsins við innri endurskoðanda.

Fjármálaeftirlitinu getur ákveðið að byggja á vinnu endurskoðunardeilda við mat á áhættuþáttum í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Fjármálaeftirlitið getur kallað til fundar með innri endurskoðun til að ræða áhættuþætti í starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis og viðbrögðum við þeim.

Fjármálaeftirlitið telur góða framkvæmd að stjórnendur fjármálafyrirtækis tilkynni því um það þegar innri endurskoðandi lætur af störfum sem slíkur. Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um hvort kallað verði til fundar með viðkomandi í kjölfarið.

## 13. Staðlar.

Það telst góð framkvæmd við innri endurskoðun að fara eftir þeim stöðlum og leiðbeiningum, sem viðurkenndir eru innan þessa sviðs. Sem dæmi má nefna staðla sem gefnir eru út af IIA (the Institute of Internal Auditors) ( <http://www.theiia.org/> ), ISACA (the Information Systems Audit and Control Association) ( <http://www.isaca.org/> ) og leiðbeinandi tilmæli frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit ( <http://www.bis.org/publ/bcbs84.htm> ).

Reykjavík, 24. september 2008

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson

Ragnar Hafliðason